

Eiríkur Rögnvaldsson

Kennsla mín. Kennslukaffi Kennslumiðstöðvar Háskólans 7. desember 2016

Kennsluferill:

Ég byrjaði að kenna í almennum málvísindum í janúar 1981, þá enn í meistaranámi, og kenndi eitt námskeið á misseri næstu þrjú misseri. Ég kenndi fyrst í íslensku að loknu cand.mag.-prófi haustið 1982 og var stundakennari í íslensku og almennum málvísindum næstu sjö misseri, tvö til fjögur námskeið á misseri. Fastur kennari í íslensku hef ég svo verið í 31 ár, frá ársbyrjun 1986. Samtals hef ég kennt um 90 námskeið, þar af meira en 30 mismunandi.

Nýbreytni í kennslu:

- Ég beitti mér fyrir upptöku sérstaks kennaranáms í íslensku haustið 1988, sem þróaðist svo yfir í M.Paed.-nám fáum árum síðar. Ég kenndi ný námskeið í því námi, m.a. „Málfræði í framhaldsskólum“ 1988-1989.
- Ég tók þátt í tilraun með fjarkennslu í HÍ haustið 1999 að frumkvæði Páls Skúlasonar og Rögnvaldar Ólafssonar og innleiddi þar ýmsar nýjungar. Ég stóð síðan sem skorarformaður fyrir mikilli aukningu fjarkennslu í íslenskuskor 2006 – en stóð jafnframt að því að leggja hana niður tveim árum síðar vegna skorts á stuðningi háskólayfirvalda.
- Ég stóð fyrir upptöku diplómanáms í hagnýtri íslensku haustið 2000 og mótaði þar m.a. og kenndi m.a. nýtt námskeið í textagerð.
- Ég var upphafsmaður þverfaglegs meistaranáms í máltækni sem þá nefndist tungutækni haustið 2002 og kenndi ný námskeið í því námi. Ég stóð svo fyrir endurvakningu þess náms í samvinnu við Háskólann í Reykjavík haustið 2006.
- Ég hef undanfarin ár tekið upp vendikennslu og gert tilraunir með að flétta erlent netnámskeið inn í mitt eigið námskeið – meira um það síðar.

Nefndir og stjórnir sem tengjast kennslu:

- Kennaramenntunarnefnd Háskólans 1988-1992, undir forystu Andra Ísakssonar og síðar Jóns Torfa Jónassonar.
- Verkefnisstjórn hagnýtra námsbrauta sem Páll Skúlason rektor skipaði árið 1999, undir formennsku Páls Jenssonar.
- Nefnd Heimspekideildar um fjarkennslu, 2004.
- Starfshópur til að undirbúa drög að stefnu Háskólans um upplýsingatækni og fjarkennslu, 2006-2007.
- Verkefnishópur um skipulag náms á Menntavísindasviði, 2007-2008.
- Námsstjórn um menntun framhaldsskólakennara, 2012-2015.
- Starfshópur rektors um vefstudda kennslu og nám, 2012-2013.
- Stjórn Samtaka móðurmálskennara, tvisvar, og í ritnefnd *Skímu* í þrjú ár.

Ég hef flutt ýmis erindi og skrifað greinar um kennslumál, einkum fjarkennslu og menntun íslenskukennara.

Kennsluefni:

Þegar ég hóf kennslu í íslensku var tilfinnanlegur skortur á kennsluefni í flestum greinum málfræðinnar. Því samdi ég strax fyrsta kennsluvetur minn, vorið 1983, ritið *Íslenska orðhlutaf-ræði*, sem er kennsluefni í beygingarfræði; og haustið eftir samdi ég kverið *Íslenska hljóðkerfis-fræði*. Í byrjun næsta árs (1984) endurskoðaði ég svo þessi rit, jók það síðarnefnda verulega, og gaf þau út í einu lagi undir nafninu *Íslensk málfræði. Hljóðkerfisfræði og beygingafræði*. Þessu riti var síðan skipt upp aftur og efnið margsinis gefið út mismikið endurskoðað. Í ársbyrjun 1989 samdi ég svo kverið *Íslenska hljóðfræði* sem ég umskrifaði ári síðar og var gefið út hjá Máli og menningu undir nafninu *Íslensk hljóðfræði handa framhaldsskólum*. Þessi rit, þ.e. hljóðfræðin, hljóðkerfisfræðin og orðhlutafraeðin, voru í rúma tvo áratugi helsta námsefni byrjenda í viðkomandi greinum, bæði í Háskólanum og Kennaraháskólanum. Fyrir þremur árum endurskoðaði ég þau svo og steypiti þeim saman í ritið *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi ís-lensku* (2013), sem er aðeins til í rafrænni útgáfu.

Ég hef einnig samið kennsluefni í ritun fyrir námskeiðið Aðferðir og vinnubrögð á B.A.-stigi í íslensku. Þetta efni hefur aldrei verið gefið út á prenti en birst á vefnum í nokkrum útgáfum, síðast árið 2012. Ég hef einnig sett mikið af glærum úr ýmsum námskeiðum á netið.

Ég hef lagt áherslu á að nota íslensk íðorð eftir því sem kostur er. Í bókinni *Íslensk málfræði* frá 1984 eru ýmis orð sem ég bjó til. Þá fékk ég einu sinni styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að ráða nemanda til að taka saman drög að íðorðasafni í máltækni.

Kennsluaðferðir:

Ég hef lengst af kennt á svipaðan hátt – með fyrirlestrum, en alltaf hvatt nemendur til að grípa fram í og spyrja spurninga og ýtt undir umræður í tímum, án þess að vera með sérstaka um-ræðutíma. Fyrstu árin skrifaði ég fyrirlestra frá orði til orðs en las þá samt aldrei, heldur talaði út frá þeim og hafði þá kannski fyrst og fremst til öryggis – þeir sáu mér fyrir þeirri tilfinningu að ég væri með nóg efni fyrir tímann. Ég hafði yfirleitt það viðmið að fara með 8 handskrifadar síður inn í tíma – þá taldi ég nokkuð öruggt að ég yrði ekki uppiskroppa með efni. Ég held að þegar ég var að kenna nýtt efni hafi ég skrifað fyrirlestra frá orði til orðs fyrstu 20 árin eða svo.

Framan af notaði ég töfluna mikið og inn á milli stundum glærur af gömlu gerðinni, þ.e. á myndvarpa – þá oftast ljósrit úr bókum eða greinum. Oft ljósritaði ég líka efni, t.d. töflur eða dæmi, og dreifði til nemenda. Hins vegar samdi ég yfirleitt ekki dreifiblöð sjálfur framan af. Haustið 1991 var ég að kenna strembið fræðilegt námskeið þar sem lesefnið var þykk bók á ensku. Ég sá að nemendur réðu varla við hana og tók það til bragðs að gera ítarlegan útdrátt og staðfærslu fyrir hvern kafla, og ljósritaði þetta og dreifði til nemenda. Þetta efni setti ég svo á netið haustið 1995 þegar ég hafði lært að útbúa vefsíður. Upp frá því hef ég lagt áherslu á að setja sem mest af efni á netið – auðvitað upplýsingar um markmið, lesefni, námsmat o.fl., en einnig glærur, verkefni, og stundum handrit fyrirlestra. Þetta efni var öllum opið framan af, meðan ég setti það beint á heimasíðu mína.

Vorið 1999 tók ég svo PowerPoint í notkun og útbjó glærur fyrir öll námskeið sem ég kenndi, bæði þau sem ég hafði kennt áður og ný námskeið. Fyrstu þrjú árin eða svo prentaði ég út gömlu

plastglærurnar og notaði á myndvarpa vegna þess að á þessum tíma voru skjávarpar ekki komnir nema í fáeinar stofur. Við þetta hætti ég töfluskriftum að mestu, þótt ég tæki auðvitað eitt og eitt skýringardæmi á töflunni. En þetta tengdist líka fjarkennslunni sem ég byrjaði á um svipað leyti. Í henni voru oft notaðar upptökur þar sem fjarnemar sáu aðeins það sem var á tölvuskjánum og því var óheppilegt að nota töfluna mikið – þar að auki skrifa ég alltaf verr og verr. En við þessa breytingu hætti ég líka að skrifa fyrirlestra frá orði til orðs, jafnvel þótt ég væri að kenna nýtt efni, en talaði þess í stað út frá glærunum og reyndi yfirleitt að hafa þær nokkuð ítarlegar.

Með fjarkennslunni 1999 tók ég svo upp kennsluumhverfið WebCT og setti allt mitt efni þar inn til vors 2002. Það hafði þann ókost að efnið var lokað öðrum en þeim sem voru skráðir í viðkomandi námskeið – og annar ókostur er reyndar sá að talsvert af þessu efni er nú glatað. Í fjarkennslunni tók ég upp ýmsar nýjungar. Ein var sú að setja handrit fyrirlestra í heild á vefinn sem ég gerði í einu námskeiði. Það efni varð síðar stofninn í kennsluefni mitt í ritun. Önnur nýjung var rauntímaspjall við fjarnema inni í WebCT eitt kvöld í viku. Þriðja nýjungin var svo „talglærur“ – að taka upp fyrirlestra og tengja þá við PowerPoint-glærur. Ég held að ég hafi verið einn af þeim fyrstu sem gerði þetta við HÍ. Talglærurnar voru eingöngu opnar fjarnemum og mæltust vel fyrir þótt hljóðgæði væru takmörkuð vegna þess að reynt var að hafa skrárnar sem minnstar því að flestir voru með hægvirkar tengingar í þá daga.

Haustið 2005 kom ég aftur til kennslu að loknu árs rannsóknaleyfi og fór þá að nota Ugluna í öllum námskeiðum og hef gert það síðan – hins vegar hef ég aldrei notað Moodle. Einnig fór ég þá að taka upp tímana í flestum mínum námskeiðum með eMission og hef oftast gert það síðan – þó ekki tíma í vendikennslunámskeiðinu mínu. Ég reyni að hafa allt mitt efni á Uglu, a.m.k. glærur og verkefni, upptökur þegar þær eru til staðar, og stundum eitthvað af lesefni eða krækjur í efni á netinu. Glærur set ég alltaf inn fyrir fram. Undanfarin þrjú ár hef ég haft flest mín námskeið opin öllum á Uglu og finnst að þannig eigi það að vera.

Mesta breytingin á kennslu minni varð þegar ég tók upp vendikennslu í námskeiðinu „Málkerfið – hljóð og orð“ vorið 2014. Ég tek þó fram að það er ekki eins og ég hafi skipt algerlega yfir í vendikennslu – það er bara eitt námskeið sem ég kenni þannig. Ég hafði reyndar lengi hugsað mér að gera slíka tilraun og byrjað aðeins á því í einu námskeiði fimm árum fyrr, en guggnaði fljótlega á því vegna tímaskorts. En haustið 2013 var ég ekkert að kenna vegna þess að ég átti inni yfirvinnu sem deildin mín hafði ekki efni á að borga mér. Þá ákvað ég að nýta nóvembermánuð til að undirbúa vendikennsluna – ganga frá glærum og kennsluefni, semja verkefni, og síðast en ekki síst – taka upp fyrirlestra.

Ég tók upp fyrirlestra heima hjá mér með eMission – alls 48, hvern að meðaltali hálf tíma að lengd. Ég hafði reyndar hugsað mér að hafa fyrirlestrana styttri og veit núna að það þykir ekki skynsamlegt að hafa þá svona langa, en efnið bara lagðist þannig. Nemendur geta líka gert hlé þegar þeim sýnist þannig að ég hef ekki séð þetta sem stórt vandamál – og svo er líka hægt að spila fyrirlestrana á tvöföldum hraða ef því er að skipta. En þetta hefði ekki verið hægt nema af því að ég gerþekkti efnið og hafði kennt það margoft áður, átti megnið af glærunum, og hafði skrifað kennsluefni sem dekkjaði það sem farið er yfir í námskeiðinu. Í raun og veru er lítill

munur á þessum upptökum og talglærunum sem ég notaði um aldamótin, nema í eMission-upptökunum var ég ekki bundinn við glærurnar, heldur gat líka sýnt forrit, síður á netinu o.fl.

Nemendur eiga að hlusta á fjóra fyrirlestra í viku, samtals tæpa tvo klukkutíma. Ég fækkaði svo tímum í stofu um helming þannig að ég hitti nemendur aðeins einu sinni í viku, tvo tíma í senn, í stað tvisvar í viku eins og venjulega í 10e námskeiðum. Þennan tíma nota ég þá til að fara yfir flókin atriði, svara spurningum, fara yfir síðasta heimaverkefni, o.fl. Einn kostur við vandi-kennsluna sem ég hafði ekki áttað mig á fyrir fram er sá að það er aldrei neitt stress að komast yfir efnið. Það er búið. Þess vegna getur maður verið miklu afslappaðri í tímum. Iðulega læt ég nemendur skipta sér í hópa í seinni tímanum og byrja að vinna næsta heimaverkefni. Ég geng þá á milli hópanna og leiðbeini þeim eftir þörfum. Síðan samdi ég fjölvalspróf sem tengjast fyrirlestrunum og lesefninu. Nemendur eiga að taka fjögur slík próf á viku.

Önnur tilraun sem ég gerði vorið 2014 fólst í því að nýta vefnámskeið (MOOC) frá erlendum háskóla inn í mitt eigið námskeið. Kennslumálanefnd Háskólans auglýsti haustið 2013 eftir þátttakendum í slíka tilraun, í framhaldi af álitum starfshóps rektors um MOOC-námskeið sem ég sat m.a. í og skilaði álitum vorið 2013. Það vildi svo heppilega til að á vormisseri 2014 var haldið námskeið í „Corpus Linguistics“ við háskólann í Lancaster á Englandi. Efni námskeiðsins skaraðist að verulegu leyti við námskeiðið „Tölvur og tungumál“ sem ég hef verið með nokkrum sinnum og var einmitt á dagskrá þetta vor. Kennari MOOC-námskeiðsins var Tony McEnery sem er m.a. höfundur bókar sem ég hafði notað í mínu námskeiði.

Ég ákvað því að gera tilraun með að flétta þetta námskeið inn í mitt námskeið og sendi nemendum tölvupóst milli jóla og nýárs 2013 um að skrá sig í MOOC-námskeiðið. Það hófst í lok janúar og stóð í 8 vikur. Meðan á því stóð fækkaði ég tímum í stofu um helming en hafði fulla kennslu í einhverjar vikur á undan og eftir. Ég lagði fyrir nemendur að horfa á alla fyrirlestra í námskeiðinu, taka fjölvalspróf, og taka þátt í spjallþráðum sem boðið var upp á þar sem aðstoðarkennarar svöruðu fyrirspurnum. Nemendur virtust vera nokkuð sáttir við þetta. Ég endurtók þetta svo síðastliðið vor, með því fráviki að þá var námskeiðið „Corpus Linguistics“ ekki í gangi þótt það væri opið. Eini munurinn var sá að þá gátu nemendur ekki tekið þátt í spjallþráðum eða leitað upplýsinga hjá aðstoðarkennurum.

Ég hef alltaf lagt mikla áherslu á verkefnavinnu nemenda og er venjulega með vikuleg verkefni í flestum námskeiðum sem ég kenni, a.m.k. grunnnámskeiðum. Reynslan sýnir að nemendur tileinka sér efnið ekki almennilega nema á þann hátt. Oftast gilda þessi verkefni eitthvað til námsmats, en venjulega þó ekki mikið. Í kennslukönnunum fæ ég oft athugasemdir frá nemendum um að verkefnin séu alltof tímafrek miðað við hvað þau gildi lítið. Ég svara því alltaf til að verkefnin séu hluti af kennslunni – ekki bara aðferð til að finna einhverja tölu til að hengja á nemendur og kalla einkunn. Ég fæ líka stundum athugasemdir við að fyrirmælin í verkefnunum séu ekki nógu skýr – það sé ekki nógu ljóst til hvers er ætlast. Stundum á þetta rétt á sér, en oft segi ég nemendum samt að svona eigi þetta að vera. Þeir eigi að þurfa að leggja eitthvað á sig til að átta sig á hvað þeir eigi að gera.

Það er líka misjafnt hvernig farið er yfir verkefnin. Ég sem alltaf ítarleg úrlausnarblöð ef mögulegt er, og hvet nemendur til að bera eigin úrlausn saman við þau. Stundum eru verkefnin

auðvitað þess eðlis að þetta er ekki hægt. Ef ég er með stóran nemendahóp, einkum ef ég er ekki með aðstoðarmann, læt ég oft nægja að renna lauslega yfir úrlausnir nemenda og athuga hvort þeir hafa glímt við alla þætti verkefnisins. Ef þeir hafa gert það fá þeir stig fyrir það, óháð því hvort þeir leysa verkefnið rétt. Vissulega væri betra að geta veitt hverjum og einum ítarlega endurgjöf, en það yrði mjög tímafrekt og myndi leiða til þess að verkefnin yrðu mun færri. Ég tel, og segi nemendum það, að ef þeir nýti sér úrlausnarblöðin vel læri þeir meira á verkefnunum en endurgjöfinni og þess vegna sé betra fyrir þá að fá mörg verkefni sem ekki er farið ítarlega yfir en færri verkefni sem farið er vandlega yfir.

Við undirbúnings þessa erindis fór ég í gegnum þær kennslukannanir sem eru aðgengilegar á netinu til að rifja upp hvað nemendur hefðu sagt um kennslu mína. Mér finnst ég alltaf græða mest á opnu spurningunum. Þar koma svo sem fram ýmsar athugasemdir við það sem betur megi fara en algengasta umkvörtunin varðar verkefnin eins og ég nefndi áður – þau séu of mörg, of tímafrek, og of óljóst til hvers sé ætlast. Einstöku nemandi hefur nefnt að ég tali of lágt og þess vegna nota ég núna oftast hljóðnema. Það hefur líka verið nefnt að ég tali of hægt í fyrirlestraupptökunum, en við því er auðvelt að bregðast með því að spila upptökuna hraðar. Einnhvern tíma fékk ég þá athugasemd að ég væri ekki móttækilegur fyrir gagnrýni en því er ég einfaldlega ósammála enda hafa mjög margir sagt alveg þveröfugt.

Þegar skoðað er hvað nemendur eru ánægðir með í kennslunni stendur tvennt upp úr. Annars vegar gott skipulag. Ég hef svo sem alltaf lagt áherslu á það að útbúa ítarlegar kennsluáætlanir, þar sem komi fram í upphafi námskeiðs hvað eigi að fara yfir í hverjum tíma eða hverri viku, hvað eigi að lesa hverju sinni, hvenær verkefni verði lögð fyrir, o.s.frv. Nemendum finnst þetta mikilvægt. En hrósið fyrir skipulag fæ ég auðvitað ekki síst fyrir vendikennslunámskeiðið þar sem allt efni er komið inn á Uglu áður en námskeiðið hefst. Þessu tengist líka hrós fyrir að svara tölvupósti fljótt og vera fljótur að fara yfir verkefni og próf. Nemendur kunna vel að meta það. Ég verð hins vegar að játa að þetta er þáttur sem ég legg meiri áherslu á í seinni tíð – ég átti það til áður fyrr að vera trassi við yfirferð.

Hitt atriðið sem nemendur nefna sérstaklega er áhugi – að ég sýni að ég hafi brennandi áhuga á því sem ég er að kenna. Þetta þykir mér sérlega vænt um vegna þess að ég tel að þetta sé alger grundvöllur vel heppnaðrar kennslu. Ef kennari hefur brennandi áhuga á viðfangsefninu, einlæga löngun til að smita nemendur af þeim áhuga, og tekst að koma því þannig á framfæri að nemendur átta sig á þessum áhuga, þá skipta kennsluaðferðirnar ekki endilega öllu máli. Finni nemendur aftur á móti að kennarinn er áhugalaus um efnið og miðlun þess skiptir eiginlega engu máli hversu nútímalegur og framsækinn og viðkunnanlegur hann er að öðru leyti.

Ég hef alltaf lagt mig fram um að taka öllum spurningum og athugasemdum nemenda vel, hversu fráleitir og fjarri efninu sem þær kunna að vera. Ég hef haft alls konar nemendur – afburða góða og afspyrnu lélega og allt þar á milli, á aldrinum frá því innan við tvítugt upp í hátt á áttæðisaldri, fólk sem á við geðsjúkdóma að stríða, einhverfa, fólk með athyglisbrest o.s.frv., þannig að ýmislegt hefur komið upp á. En ég reyni alltaf að taka því vel sem nemendur segja – svara spurningum málefnalega, án þess að fara alltof langt út fyrir efnið, og aldrei láta það koma fram að mér finnist eitthvað sem nemendur segja kjánalegt eða út í hött.

Í tilefni viðurkenningarinnar um daginn fékk ég fjölmargar hamingjuóskir, bæði á Facebook og í tölvupósti. Mér þótti auðvitað vænt um þær allar, en einna vænst um tvær frá gömlum nemendum sem báðir eru kennarar núna. Þeir töluðu um að þeir hefðu ekki síst lært af mér að bera virðingu fyrir nemendum. Þetta kom mér alveg á óvart því að ég hef aldrei talað um virðingu við nemendur mína. Hafi þeir lært þetta af mér er það því ekki vegna þess að ég hafi verið að predika það, heldur vegna þess að þeim finnst ég hafa sýnt þetta í verki. Það þykir mér gott. Þegar öllu er á botninn hvolft er bara eitt sem skiptir meira máli í kennslu en áhugi kennarans, og það er framkoma við nemendur.